



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 15. október 2018

Haldinn að Torfnesi 15, Ísafirði. Fundur settur kl. 17:15. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Harpa Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Guðmundur Kort Einarsson og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Birgir Örn Birgisson, mætti undir 1. Lið að hluta og Yngvi Gunnlaugsson yfirþjálfari mætti undir 2. lið og b lið 3. liðar.

1. Fjármál

Harpa fór yfir stöðuna en einnig var farið yfir verkaskiptingu milli stjórnarmanna hvað endurnýjun samninga varðar og öflun nýrra samstarfssamninga.

Komið að endurnýjun samstarfssamnings við Íslandsbanka. Hörpu falið að ljúka þeim samningi með Guðna Guðnasyni.

Samstarfssamningur við Arnarlax. Ingólfur er að vinna í því og er stefnt að fundi með forsvarsmanni fyrirtækisins í vikunni.

Birgir Örn Birgisson, stjórnarmaður kom inn á fundinn stuttlega undir þessum lið og greindi frá stöðu mála tveggja viðræðna sem hann hefur verið í. Að því búnu sneri hann sér aftur að því að sinna æfingu hjá 7.-9. flokki drengja sem stóð yfir.

2. Leikmannamál

Yngvi Gunnlaugsson, yfirþjálfari kom á fundinn undir þessum lið. Rætt um sjúkraþjálfun og styrktarþjálfun og samningsmál gagnvart Sjúkraþjálfun Vestfjarða. Ingólfi falið að fara yfir þessi mál með Yngva og Sjúkraþjálfun Vestfjarða.

3. Önnur mál

- a. Rætt um næstu helgi sem er stór útileikjahelgi. Meistaraflokkur leikur gegn Selfossi, drengjaflokkur gegn Grindavík, stúlknaflokkur gegn Val og 10. flokkur stúlkna gegn Haukum. Farið yfir ferðatilhögun. Yngvi Gunnlaugsson yfirþjálfari sat fundinn undir þessum lið.
- b. Um helgina fóru fram tveir leikir hjá 10. flokki stúlkna og stúlknaflokki í íþróttahúsinu í Bolungarvík. Ýmislegt í salnum er úr sér gengið eða þarfnast lagfæringar. Inga Birni falið að skrifa drög að bréfi til bæjaryfirvalda í Bolungarvík eða forstöðumanni Íþróttahússins hvað þessi attriði varðar. Þau eru helst: A) skotklukkur hússins virka ekki, en samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni er búið að panta varahluti í skotklukkur. B) Erfitt eða illmögulegt er að hýfa upp körfur sem liggja þvert á völinn og eru notaðar á æfingum. Þar sem körfurnar eru mjög nærri völinum skapa þær hættu og óhagræði á meðan á leik stendur. Hættan felst í því að leikmenn geta stokkið upp og lent með höfuð á körfunum og óhagræðið felst í því að auðvelt er fyrri leikmenn að kasta boltanum í spjaldið þegar innkast er tekið undir körfunum. C) Veggir og rimlar eru mjög nálægt endalínunum vallarins. Ítrekar hefur sýnt sig að þetta skapar hættu. Um helgina lenti einn leikmaður með höfuð í rimlum svo úr hlaust skurður á augabrún sem þurfti að sauma. Mögulega mætti lágmarka þessa hættu með þunnum dýnum sem mætti koma fyrir á vegginn annarsvegar og rimlana hinsvegar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 19:05.